



Starfsmannafélag Dala og Snæfellsnessýslu

Aðalfundur Starfsmannafélags Dala- og Snæfellsnessýslu var haldinn í Sögumiðstöð Eyrbyggja í Grundarfirði, laugardaginn 1. október 2005 kl.17:00. Fundur var settur kl. 17:10. Formaður bauð gesti velkomna. Mættir voru 28 félagar auk stjórnar og fundarstjóra.

1. **Kosning fundarstjóra og ritara.**

Tillaga kom fram um Steinunni I. Magnúsdóttur sem fundarstjóra og var það samþykkt með lófataki. Tillaga kom fram um Írisi H. Sigurbjörnsdóttur sem fundarritara og var það samþykkt með lófataki.

1. **Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári.**

Formaður flutti skýrslu stjórnar fyrir liðið starfsár. Fundarstjóri gaf orðið laust um skýrslu stjórnar.

1. **Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir árið 2004 lagðir fram til samþykktar.**

Gjaldkeri fór yfir reikninga félagsins. Fundarstjóri gaf orðið laust um reikninga félagsins. Engar fyrirspurnir bárust og voru reikningar félagsins bornir upp til samþykktar. Reikningar voru samþykktir samhljóða.

1. **Skýrsla orlofsnefndar.**

Formaður las skýrslu orlofsnefndar í forföllum formanns orlofsnefndar. Tillaga kom fram um hlið á bústaðinn í Húsafelli. Þessari athugasemd verður vísað til orlofsnefndar. Tillaga um að merkja húsið að utan með neyðarnúmeri. Fram kom athugasemd um slökkvitæki um að þau þurfi að vera sýnileg og öryggisatriði í góðum farvegi. Fram kom fyrirspurn um hvort kaupa ætti íbúð í Reykjavík. Því var svarað til að félagið hefði aðgang að skiptihelgum í íbúð í Ásholti, félagsmenn þurfa bara að vera duglegir að hafa samband við formann orlofsnefndar og spyrjast fyrir.

Fundarstjóri gerði fimm mínútna fundarhlé.

1. **Kosning meðstjórnenda og varamanna í stjórn.**

Samkvæmt ferli félagsins skal kjósa núna tvo í stjórn.

Tillaga uppstillingarnefndar: Magnína Kristjánsdóttir, Búðardal

Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, Stykkishólmi

Til vara: Steinunn I. Magnúsdóttir, Stykkishólmi

Samþykkt með lófataki.

Lausn frá störfum.

Sigurður Ragnar Lúðvíksson hefur beðist lausnar frá störfum í stjórn SDS. Í hans stað tilnefnir uppstillingarnefnd:

Guðmundu Wium, Ólafsvík

Samþykkt með lófataki. Ragnari voru þökkuð unnin störf.



Starfsmannafélag Dala og Snæfellsnessýslu

1. **Kosning endurskoðanda og tveggja til vara:**

Tillaga uppstillingarnefndar : Bryndís Theódórsdóttir, Grundarfirði, Þórhildur Pálsdóttir, Stykkishólmi

Til vara: Víví Kristóbertsdóttir, Búðardal, Guðmundur Andrússon, Stykkishólmi.

Samþykkt með lófataki.

1. **Önnur mál.**

- 1) *Þórhildur Pálsdóttir tók til máls og lýsti ánægju sinni með störf stjórnar og einnig með að stjórnin sitji mestöll áfram og að vel sé haldið um okkar mál og þakkaði Sigurði einnig unnin störf.*
- 2) *Íris kynnti heimasíðu félagsins.*
- 3) *Fyrirspurn kom fram um klæðnað sem starfsmönnum ber samkvæmt samningum. Hverjum og einum starfsmanni á að útvega klæðnað. Rætt um mismun á milli grunnskóla og leikskóla. Þetta atriði verður skoðað fyrir næstu samninga.*
- 4) *Fyrirspurn kom fram um hvort skólaliðar megi sækja um að fá leyfi frá störfum vegna fæðingarorlofs í heilt ár.*
- 5) *Fyrirspurn kom fram um röðun stuðningsfulltrúa í launaflokka.*

Fundarstjóri sagði fundi slitið og þakkaði fundarmönnum fyrir góða fundarsetu og sagði fundi slitið kl. 18:27.

Að loknum aðalfundi verður boðið til kvöldverðar í veitingarhúsinu Krákunni.